

- 3.1 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðar-
áætlun Rafmagnsveitnanna, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.
- 3.2 Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum, sem tengdur er
í loftlinustaur í kerfi Rafmagnsveitnanna skal greiða minnst kr. 17 250 miðað
við 63 Amp. stofnvar en að öðru leyti fer um gjald samkv. lið 3.1.
4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og
þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heim-
taugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raun-
kostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun Rafmagnsveitnanna, hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, stað-
festist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1977 og birtist til eftirbreytni öllum,
sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar gjaldskrár sama efnis nr. 63
20. janúar 1977 og nr. 413 19. nóvember 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 28. október 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. október 1977.

Nr. 378.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970,
með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 1 200.00 fyrir hvern aðalhemil.
2. Vatnsgjald verði kr. 1 600.00 fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt Orkulögum nr. 58 29. apríl
1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1977 og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 27. október 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

27. október 1977.

Nr. 379.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 245 8. júní 1977.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er:

Vatnsgjald kr. 3 120.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu
hemils.